

S A M Þ Y K K T

57

4. maí

um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki.

1. gr.

Sölubúðum á Sauðárkróki skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18 síðdegis og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 12 á miðnætti, svo og er heimilt að hafa opið til kl. 22 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 1. október skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 13 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 19 e. h.

Frá 1. október til 31. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum eða útlit er fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 18 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- a. Verzlaniir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop eða hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda.
- b. Veitingastaðir, er samkvæmt sérstöku leyfi bæjarstjórnar, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar.

Í verzlunarstöðum þessum má selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fram fara á virkum dögum kl. 9—23.30 og á helgidögum öðrum en föstudaginn langa, páskadegi, hvítasunnudegi og jóladag. Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal loka þessum verzlunum samkv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs samkv. þessari grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynleg, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi og má innheimta það með lögtaki.

57

4. maí

5. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 13 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkv. verzlunarleyfi.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsöllum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 100—1000 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Sauðárkróks. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Sauðárkróks samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 153 11. nóv. 1948, um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu nr. 5 15. jan. 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.